

Ed.

224. Breytingartillögur

[88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 6. gr.
 - a. Á eftir „Nýmjólk“ í 2. tölul. komi: kjöt og fiskur.
 - b. Á eftir 12. tölul. komi nýr töluliður:
Dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar.
 - c. Síðari málsgrein greinarinnar orðist svo:
Endurgreiða skal söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
2. Við 17. gr. Við 2. málsg. bætist:
Enn fremur dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar svo og vélar í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands.
3. Við 25. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Allir, úrskurðir, sem fjármálaráðherra kveður upp samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu birtir opinberlega.